

— getur hún alls eigi komið til greina við úrslit máls-
pessa. Samkvæmt hinu framanritaða þykir það því
rjett, að undirdómurinn hefur tekið til greina kröfu hins
stefnda í máli þessu, og með því að einnig verður að
fallast á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber
að staðfesta hann í heild sinni. Eftir þessum úrslitum,
málsins virðist áfrýjandi eiga að greiða hæfilegan máls-
kostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr. Það er eigi
nægileg ástæða til þess að gefa gaum kröfu stefnda um
ómerking meidyrða og sektardóm fyrir þau.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfrýj-
andi Ólafur Þórðarson greiði stefnda, Lárusi Bjarna-
son fyrir hönd O. S. Endresens 15—fimmtán—
krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi. Dóminum
ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans
undir aðför að lögum.

Nr. 35/1891:

Páll Einarsson fyrir hönd
þjóðjardarinnar Brekku
gegn
Magnúsi Jónssyni
eiganda Kleppjárnsstaða.

D ó m u r:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um landamerki
milli þjóðjardarinnar Brekku og Kleppjárnsstaða, þar
sem báðar jarðir vilja eiga engjastykki nokkuð, sem tal-
ið er þrætuland í jarðabókinni frá 1861. Mál þetta

var dæmt í merkjadómi innan Norður-Múlasýslu 29. júlí 1890 með þeim úrslitum, að landamerki milli Brekku og Kleppjárnsstaða skuli vera: Úr fremsta bug á Brekkulæk eptir því sem hann fellur í »Búðarvatn« og þaðan í »Kringluós«. $\frac{2}{3}$ málskostnaðar skyldi Páll Ólafsson, en $\frac{1}{3}$ Magnús Jónsson greiða.

Þessum dómi hefur yfirrettarmálaflutningsmaður Páll Einarsson, eptir skipun landshöfðingja, fyrir hönd þjóðjardarinnar Brekku áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 1. des. f. á. og hefur hann til þess fengið uppreisn. Hefur hann krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, og málinu vísað heim aftur til lögleggrar dómsáleggingar og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu, en stefndi hefur á hinn bóginn krafizt, að merkjadómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður eptir mati rjettarins.

Af skjölum þeim og skilríkjum, sem lögð hafa verið fram í málinu, eru engin þess eðlis, að af þeim verði ráðið, hvorri jörðinni með rjettu fylgi hið umpráttaða engjastykki, nema útdráttur einn úr sáttabók Hróars-tungu og Jökulsárhlíðar sáttaumdæmis, en samkvæmt honum var 3. júní 1841 sú sætt gjörð milli Sigurðar Tunissonar, er þá var fyrirvinna hjá móður sinni Solveigu Sigurðardóttur, er þá hafði jörðina Brekku til á-búðar, og Jóns bónda Jónssonar, er þá bjó á Kleppjárns-stöðum, að lögfesta nokkur fyrir Kleppjárnsstaðalandi frá ári-
nu 1803 skyldi sem óáfrýjuð vera framvegis í gildi og landamerki eptir henni haldast meðal bæjanna, að utanverðu, þannig: að Brekkulækur skuli frá svo nefndum »Bug« á honum skipta og ráða þeim ofan eptir, svo Kleppjárns-stöðum þá tilheyri það, sem er fyrir framan lækinn,

hvar í það umpráttaða engjastykki þá er innifalið; jafnframt var það ákveðið í sættinni, að Brekku ábúandi eptir þörfum skyldi hafa frjálsa hagabeit fyrir kýr í Kleppjárnsstaðalandi með vissum skilmálum um rekstrarleiðina þangað. En áfrýjandi vill finna sætt þessari það til foráttu, að hún sje ekki gjörð af rjettum hlutaðeiganda (umbodsmanni) og ekki staðfest af «Rentukammerinu» nje af hlutaðeigandi amtmanni, sem þó hefði þurft að vera. Hann byggir tilkall sitt fyrir hönd Brekku til engjastykkisins á því, að Brekka hafi notað það í full 20 ár fyrir árið 1838, en stefndi styður sig við sættina og notkun landsins um síðustu 50 ár frá Kleppjárnsstöðum. Að því sættina 3. júní 1841 snertir, þá sjest að vísu ekki, með hvaða heimild ábúandi Brekku hefur gjört hana; en með því að það má álíta viðurkennt í málinu fyrir merkjadóminum, að þrætulandið hafi ávallt, síðan sættin var gjörð, eða um 50 ára tíma, verið notað samkvæmt henni eða frá Kleppjárnsstöðum, þá virðist eigi merkjadómurinn hafa gjört sig sekan í neinni lögleysu, er hann dæmdi eptir sætt þessari í sambandi við notkun landsins, og með því hann heldur ekki hefur gjört neina þingsafglöpun, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og einnig að því til málskostnaðar kemur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.